



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 09.10.2014
Tilvísun: 201409-0023


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, 102. mál

Sá hluti þessa frumvarps sem varðar félagsmenn aðildarféлага Alþýðusambands Íslands með beinum hætti er 5. gr. frumvarpsins sem kveður á um að atvinnubílstjórar á stórum ökutækjum skuli undirgagast endurmenntun á fimm ára fresti.

Umrædd 5. gr. frumvarpsins felur í sér verulegt inngríp í atvinnuréttindi atvinnubílstjóra og þrátt fyrir að Alþýðusamband Íslands sé á þeirri skoðun að krafa þessi sé úr hófi, verður að horfast í augu við það að Ísland er skuldbundið í gegnum EES samninginn að taka þessa reglu inn í landsrétt. Frumvarpið skýrir ekki með nánari hætti hvað í þessari kröfu um endurmenntun felst og væri það að mati Alþýðusambands Íslands, með vísan í 75. gr. stjórnarskrárinnar, æskilegra ef frumvarpið væri ítarlegra um það efni.

Að öðru leyti og til áréttingar framangreinds vísar Alþýðusamband Íslands hvað 5. gr. frumvarpsins varðar, til þeirra sjónarmiða fram koma í skilabréfi starfshóps um endurmenntun atvinnubílstjóra frá 4. mars 2013 til þáverandi Innanríkisráðherra.

Hvað frumvarpið varðar, að undanskildu ofangreindu, gerir Alþýðusamband Íslands ekki efnislegar athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Halldór Oddsson.
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sætur: I • Reykjavík
Sími 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is